

Efni: Umsögn um útfærslu nýrrar kerfiskennitölu samkvæmt lögum nr.140/2019, um skráningu einstaklinga – mál nr.128/2020

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt Stjórnarráðsins frá 3.júlí sl. Þar sem óskað er eftir umsögnum um útfærslu nýrrar kerfiskennitölu. Kerfiskennitala er gefin út til erlendra ríkisborgara sem vegna sérstakra hagsmuna hér á landi þurfa á slíkri kennitölu að halda. Kerfiskennitala skal vera aðgreind með sýnanlegum hætti frá kennitölu einstaklinga í Þjóðskrá.


dk hugbúnaður ehf (hér eftir dk) hefur milligöngu um miðlun grunnskrár ásamt viðbótum og vefköllum frá Þjóðskrá til hundruða fyrirtækja, opinberra aðila, verkalýðsfélaga, heilbrigðisstofnana, félagasambanda og fl.

Telur dk að farsælast sé að útfærsla 2 (dæmi: **8123456728**) sé valin þar sem sú leið aðgreinir kennitölu sýnilega frá öðrum kennitölum og sé til þess fallin að sem minnstar breytingar þurfi að gera í kerfum fyrirtækja landsins með ásættanlegum árangri. Útfærsla 3 er of takmörkuð fjöldalega séð og útfærsla 1 gæti haft í för með sér miklar breytingar á kerfum.

dk telur einnig að mikilvægt að Þjóðskrá komi á og haldi utan um miðlægt útgáfukerfi þessara kerfiskennitalna þannig að unnt sé að óska eftir og miðla þeim upplýsingum frá einum stað samstundis. Eðli málsins samkvæmt þyrftu þeir aðilar sem heimild hafa til þess að óska eftir kerfiskennitölu að geta auðkennt sig rafrænt og sótt um gegnum vefþjónustu. Dæmi um mikilvægi þess er þegar að hælisleitendur, erlendir ferðamenn eða aðrir erlendir aðilar þurfa þjónustu heilbrigðisstofnana, apóteka eða verkalýðsfélaga þá heldur hver og einn aðili utan um viðkomandi aðila á sinni stofnun á uppskáldaðri kennitölu eða raðnúmeri í stað þess að geta sótt um eða uppfært sitt kerfi út frá miðlægu kerfi Þjóðskrár samstundis.

Virðingarfyllt

fh. Dk Hugbúnaðar ehf

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Trausti Sigurbjörnsson', is written over a horizontal line. The signature is fluid and cursive.

Trausti Sigurbjörnsson